


Leikskólinn Krílakot

Umsókn um grænfána í sjötta sinn



Leikskólinn Krílakot

Karlsrauðatorgi 23

620 Dalvík

Heimasíða: www.dalvikurbyggd.is/krilakot

Ágústa Kristín Bjarnadóttir og Dagný Björk Sigurðardóttir

Mundi og Ösp



Mundi og Ösp eru umhverfismerki Krílakot
Mynd af Munda og Ösp er á öllum áminningum um t.d. að
slökkva ljós, spara vatn og fleira.

Efnisyfirlit

Stefna Dalvíkurbyggðar	4
Leikskólinn Krílakot	4
Hugmyndin fæðist	5
1. Umhverfisnefndin.....	5
2. Mat á stöðu umhverfismála.....	7
3. Áætlun um aðgerðir og markmið.....	7
4. Eftirlit og endurmat.....	8
5. Námssefnisgerð og tenging við aðalnámskrá	8
Verkefni unnin skólaárin 2021- 2023.....	11
6. Kynning á stefnunni.....	13
7.Umhverfissáttmálinn.....	14
8.Framtíðarsýn	15
9. Lokaorð.....	15
Fylgiskjal 1.....	16
Fylgiskjal 2.....	21
Fylgiskjal 3.....	37

Stefna Dalvíkurbyggðar

Dalvíkurbyggð hefur á undanförunum árum markað skýra stefnu í menntamálum. Í skólastefnu Dalvíkurbyggðar sem gefin var út 2014 segir: „Leikskólar sveitarfélagsins skulu í starfi sínu leggja áherslu á daglega útiveru og umhverfismennt auk þess að stuðla um leið að heilbrigðum lífsháttum og hreyfingu. Nemendur þurfa að hafa tækifæri til að vera í beinum tengslum við samfélagið og menninguna. Leggja skal áherslu á að bera virðingu fyrir náttúrunni, umgangast hana af ábyrgð og að þekkja nærumhverfi sitt. Lögð skal rík áhersla á sjálfbæra og hnattræna hugsun. Leikskólar sveitarfélagsins eiga að vera Grænfánaskólar“.

Leikskólinn Krílakot

Leikskólinn Krílakot tók til starfa haustið 1980 í hluta af núverandi húsnæði skólans. Fyrsti forstöðumaður leikskólans, þá dagheimilis, var Margrét Vallý Jóhannsdóttir. Upphaf leikskólastarfs á Dalvík má rekja allt aftur til ársins 1961 þegar Kvenfélagið Vaka kom á fót barnaleikvelli til að hafa þar barnagæslu á sumrin. Þar sem hvergi hefur fundist í gögnum neinn vígsludagur leikskólans ákváðu leikskólakennarar haustið 1995 upp á sitt eindæmi að afmæli leikskólans skyldi verða 9. september.

Sá hluti sem leikskólinn hóf starfsemi sína í var tekinn í notkun í september 1980. Salur, eldhús, skrifstofa, kaffistofa, ræsting, þvottahús og loft var byggt við árið 1987. Árið 2007 var svo þriðja deildin byggð vestan við húsið ásamt bættri starfsmannaaðstöðu. Leiksvæðið hafði verið stækkað upp í 2.960 m² eftir að við bættist trjálundur og lóð Móafells. Í ágúst 2016 sameinuðust tveir leikskólar í einn og var leikskólinn Kátakot lagður af. Núna í dag dvelja í leikskólanum nemendur á aldrinum 1 - 6 ára.

Hugmyndin fæðist

Veturinn 2008 - 2009 tóku allir skólar í sveitarfélaginu þátt í verkefningu *Á grænni grein*. Leituðust þeir við að stíga skrefin 7 í átt að Grænfánum. Í stefnuskrá skólanna var ákvæði um að allir eigi þeir að vera Grænfánaleikskólar.

Starfsfólkið fór á fund hjá Landvernd og hjá Gámabjónustunni auk þess að kynna sér vinnu Grænfánaskóla á Akureyri. Markvisst hefur verið unnið að því að gera Krílakot að umhverfisvænum vinnustað og stuðla að verndun umhverfis. Þann 24. maí 2012 var fyrsta flaggað Grænfánum við Krílakot við mikla ánægju starfsfólks, foreldra og nemenda, í annað sinn í maí 2014 og þriðja sinn í maí 2016. Þá voru sett ný markmið og stefnt að fjórðu flöggun í september 2018 en sú flöggun frestaðist til febrúar 2019. Flaggað var í fimmta sinn í maí 2021.

1. Umhverfisnefndin

Í umhverfisnefnd var valið skv. leiðbeiningum á síðu Landverndar. Í henni eru stjórnandi, kennarar, starfsmenn í eldhúsi og foreldrar sem sitja í stjórn foreldrafélagsins eða foreldraráði. Umsjónaraðili verkefnisins var valinn úr röðum starfsfólks. Ræstingaraðili er utanaðkomandi aðili en er hafður með í ráðum þó hann sæki ekki formlega fundi. Umhverfisnefndin heldur að meðaltali fundi 6 sinnum yfir skólaárið.

Á umhverfisnefndarfundum er farið yfir stöðu mála, bent á það sem gott er og rætt um hvað betur má fara. Settir eru niður punktar um hvað næst sé á dagskrá, hvernig megi fræða nemendur betur og hvernig er hægt að virkja fleiri í kringum okkur.

Reynt er að hafa nemendur í tveimur elstu elsta árgöngum með í ráðum og nemendur á þrem elstu deildunum flokka í þar til gerða dalla og spjallað er um tiltekið málefni sem varðar náttúruna, heilsu eða umhverfisvernd.

Umhverfisnefnd 2021-2023

- 👉 Ágústa Kristín Bjarnadóttir, Aðstoðarleikskólastjóri
- 👉 Dagný Björk Sigurðardóttir, starfsmaður á Sólkoti
- 👉 Hrefna Katrín Björgvinsdóttir starfsmaður í eldhúsi

- 👉 Soffía Helgadóttir, starfsmaður á Kátakoti
- 👉 Kristín Arngrímsdóttir, starfsmaður í eldhúsi
- 👉 Hekla Rán Árskóg, starfsmaður á Skýjaborg
- 👉 Guðfinna Árnadóttir, starfsmaður á Mánakoti

Foreldrar í stjórn foreldrafélagsins 2021-2023

- 👉 Una Dan Pálmadóttir (Rebekka Sif og Heiðberg Pálmi)
- 👉 Kolbrún Svansdóttir (Erika)
- 👉 Súsanna Svansdóttir (Pormar Kári, Tjörvi Peyr og Stefnir Blær)
- 👉 Júlía Ósk Júlíusdóttir (Hrafnhildur Lilja og Nökkvi Hrafn)

Foreldraráð og umhverfisráð sem kemur að umhverfismálum 2021-2023

- 👉 Annel Helgi Daly Finnbogason (Unnur Dalrós)
- 👉 Kristín Kjartansdóttir (Baltasar Elí)
- 👉 Krístrún Birna Hjálmarsdóttir (Heiðmar Árni)

Nemendur í Grænfánanefnd

- 👉 Hafþór Orri Benediktsson
- 👉 Edda Sóley Helgadóttir
- 👉 Krístrún Anna Káradóttir
- 👉 Arney Emma Hjálmarsdóttir
- 👉 Aron Ísak Atlason
- 👉 Atli Freyr Sigurðsson

Á fundum sem kennarar sitja er farið yfir hvernig verkefnið gengur og tekur ákvarðanir um áframhaldandi skipulag og verklag varðandi verkefnið. Einnig er farið yfir gátlista og kannað hvaða árangur hefur náðst og hvað má fara betur. Með foreldrum er farið yfir stöðu skólans, hvað er verið að vinna með og fengnar hugmyndir frá foreldrum um hvað hægt er að gera betur eða bæta í starfinu.

Helstu ákvarðanir umhverfisnefndar voru:

- 👉 Þema næstu tveggja ára eru orka, vatn, áttthagar, lýðheilsa, neysla og úrgangur, náttúruvernd og hnattrænt jafnrétti.
- 👉 Hver deild útfærir verkefni eftir aldri og þroska nemenda.
- 👉 Metin verða verkefni eftir veturinn og sjá hvernig gengur.

2. Mat á stöðu umhverfismála

Mat á stöðu verkefna sem voru valin fyrir þetta tímabil voru einungis fyllt út í lok tímabilsins. Fjögur þemu voru valin til að meta og eru þau: áttthagar, orka og vatn, lýðheilsa og neysla og úrgangur. Fengnir voru nemendur í grænfánanefndinni til að meta verkefni með gátlistum frá landvernd. Stefnt að því að fylla þá út í byrjun og lok hvers skólaárs. Matslistar eru hér neðst í fylgiskjali 2.

3. Áætlun um aðgerðir og markmið

Áætlun og markmið voru sett haustið 2021 á fyrsta fundi grænfánanefndar.

Við ætlum að halda áfram að vinna að settum markmiðum og þróa okkur áfram:

Eftirfarandi markmið voru sett fyrir skólaárin 2021- 2023 og voru sett í markmiðasetningarskjöl (sjá fylgiskjal 3)

1. Að vera meðvituð um mikilvægi þess að flokka sorp.
2. Að hlutir séu endurnýttir eins mikið og mögulegt er.
3. Við viljum rækta matjurtir og fylgjast með hvernig fræ verður að plöntu og síðar að fæðu sem við borðum.
4. Að fara sparlega með pappír, vatn og rafmagn.
5. Að við þekkjum okkar nánasta umhverfi og berum virðingu fyrir því.
6. Við viljum segja öðrum frá öllu því góða sem við gerum og hafa það sýnilegt fyrir foreldrum og börnum.
7. Að við séum meðvituð um mikilvægi hreyfingar og hollustu.

4. Eftirlit og endurmat

Fyrir hverja Grænfánaumsókn munu bætast við fleiri markmið fyrir leikskólann. Gátlisti er fylltur út á tveggja ára fresti. Áfram verða haldnir reglulegir fundir í umhverfisnefnd, bæði í fullorðins- og nemendanefnd. Umsjónarmaður verkefnisins minnir starfsfólk og börn á umhverfsvæna hætti og hvetur starfsfólk til að finna umhverfsvænar hugmyndir til að nota í starfinu.

Eftir yfirferð á gátlistum sáum við að eftirfarandi atriði þurfum við að skoða betur:

- Virkja nemendur meira.
- Fá foreldra meira með.
- Fara yfir matslistann tvisvar á ári, að hausti og vori og skoða hvað má betur fara.
- Skoða þarf hvort við förum í moltugerð en nærri allur matur fer í hænur hér í sveitafélaginu.
- Fara betur yfir hvað við erum að flokka og hvert það á að fara.
- Fara yfir með framkvæmdasviði um að setja LED perur í allan leikskólann.
- Minna á að slökkva í rýmum þegar farið er úr þeim.
- Skoða hvort hægt sé að útbúa söfnunartunni fyrir regnvatn.
- Athuga með sjálfstæði, nemendur upplifðu að þau fengju ekki að velja sjálf.
- Fara yfir helstu örnefni í nánasta umhverfi.

5. Námsfni gerð og tenging við aðalnámskrá

Fræðsla til nemenda fer fram í útikennslu, hópastarfi, samverustundum, söngstundum eða í ávaxtastundum þegar þau eru öll saman komin og hlusta. Hún fer oft fram í formi spjalls og eru ýmis verkefni unnin, bæði sameiginleg og einstaklingsverkefni. Fræðslan fer líka fram í söng og leik, en leikurinn er mikilvægasta náms- og þroskaleið nemenda og fer mikið nám fram í gegn um leik.

Nemendur eru hvattir til að flokka sorp í leikskólanum. Þau eru frædd um það hvað verður um ruslið og hvernig hægt sé að nýta endurvinnanleg efni aftur. Eftir ruslatínsluferðir setjast allir niður saman og flokka ruslið sem tínt var.

Í vali hefur stundum verið boðið upp á að leika með náttúruleg efni eins og trjágreinir, skeljar og steina eða byggja úr mjólkurfernum.

Í námskránni kemur fram hvað skal unnið með miðað við þroska nemenda og eiga kennarar að skipuleggja starfið út frá því.

Verkefni sem unnin hafa verið í gegnum árin og eru enn við líði.

- Hjörtun og bangsarnir sem bjóða börnin velkomin eru plöstuð og notuð aftur og aftur.
- Smekkir saumaðir úr gömlum handklæðum og sængurverum.
- Þvottastykki saumuð úr gömlum handklæðum.
- Taupokar fyrir hvern nemenda notaðir fyrir óhrein föt.
- Leikföng keypt notuð í Rauðakrossbúð.
- Bendum ræstitækni á ef ekki þarf að skúra gólf í herbergjum.
- Nýtum plöstin betur í plöstanarvél.
- Morgunkornspakkar notaðir fyrir föndurpappír.
- Körfurnar með nöfnum nemenda fluttar á milli deilda.
- Leggjum alltaf meiri og meiri áherslu á að flokka það sem fer til/í endurvinnslu.
- Nota pappírsganga fyrir börnin til að lita og líma.
- Skóhlífar heyra sögunni til.
- Næstum allar matarleyfar fara á bóndabæ fyrir hænur þar á bæ.
- Jólagjafapokar frá foreldrafélaginu

Útikennsla

Í útikennslunni fer fram mikil umhverfisfræðsla en þar hefur nálægðin við náttúruna áhrif. Í gönguferðum fylgjumst við með árstíðum, veðri, umferð, dýralífi, gróðri og spáum í stjörnunar og himingeiminn. Við tinum rusl, skoðum áttaha okkar og tökum myndir af því sem fyrir augu ber. Í umhverfinu getum við einnig fundið efnivið til listsköpunar. Stundum er leikið í trjám eða snjóhús búin til.

Markmið útikennslu eru:

- Að efla alhliða þroska nemenda
- Að nemendur kynnist nærumhverfi sínu og leikskólans.
- Að nemendur kynnist náttúrunni og læri að bera virðingu fyrir henni.
- Að nemandur efli þol sitt og úthald.
- Að vinna með námssvið aðalnámskrár leikskóla.
- Að nemendur læri umferðarreglurnar.
- Að nemendur rannsaki og skoði náttúruna.
- Að nemendur njóti og nýti náttúruna allt árið um kring sem leiksvæði og efnivið til skapandi starfs og leikja.

Umhverfið getur tengst mörgum þáttum leikskólastarfsins, þess vegna er útikennsla mikilvæg þegar kemur að stærðfræði og leikskólalæsi en þá tengja nemendur snemma við að ýmislegt sé hægt að læra af náttúrunni.

Verkefni unnin tengt orku og áttögum 2021 - 2023

Við ákváðum að öll fræðsla í tengslum við grænfánann væri sameiginleg ábyrgð okkar allra, þ.e. yrði hluti af okkar daglega starfi. Við höldum áfram að fara sparlega með vatn og rafmagn og endurnýta það sem mögulegt er.

Aðal áhersla okkar var áttthagar og orka. Við skoðuðum nærumhverfið, fórum í göngutúra og ýmsar vettvangsferðir þar sem við lögðumst í rannsóknarvinnu og gerðum tilraunir.

Markmið og leiðir með áttthagabema

- Að nemendur þekki sitt nærumhverfi.
- Að nemendur þekki umferðarreglurnar og viti hvað ber að varast í umferðinni.
- Að nemendur þekki helstu dýr og plöntur í náttúrunni í kring.
- Að nemendur þekki helstu stofnanir, söfn og vinnustaði í sveitafélaginu.
- Að nemendur fræðist um hvernig sólkerfið okkar virkar.

Markmið og leiðir með orku

- Að nemendur læri um orkuna og hvaðan hún kemur
- Að nemendur læri að passa upp á að slökkva ljós og spara þannig rafmagn
- Að nemendur læri um hvernig á að nýta orkuna og hvort það sé til næg orka til á Íslandi.
- Í hvað fer rafmagnið í dag og hvað var notað áður fyrr.

Verkefni unnin skólaárin 2021 - 2023

Skýjaborg og Sólkot

Á Skýjaborg og Sólkoti eru yngstu nemendurnir hjá okkur eða 10 mán - 2 ár gömul og unnu þau verkefni sem heitir "Ég og fjölskyldan mín". Þetta verkefni er unnið á hverju ári þegar nýir nemendur byrja. Markmiðið með verkefninu var að nemendur fái tengingu inn á leikskólann sem þau



þekkja. Það auðveldar þeim fyrstu skrefin á leikskólanum ásamt því að gera hann „þeirra.“ Verkefnið ýtir undir skilning á því hvað er mín fjölskylda og einnig því að aðrir eiga sína fjölskyldu ásamt því að sýna að fjölskyldur eru allskonar. Þetta verkefni er gott tæki til málörvunar þar sem það skapar umræðugrundvöll sem nemandinn tengist og þekkir vel studdan af myndum. Í framkvæmd fyrir þetta verkefni þarf aðstoð frá foreldrum og forráðamönnum. Þeir voru beðnir um að senda myndir af nemendum og nánustu fjölskyldu sinni. Kennararnir útbjuggu svo hús sem nemendur eru búnir að mála og límdu myndirnar á. Húsin voru svo hengd í þeirra hæð svo þau gætu skoðað þau þegar þau vildu.

Mánakot

Á Mánakoti var unnið verkefni um heimabyggðina (sjá mynd á forsíðu). Nýttur var pappi utan af sjónvarpi og teiknaðar götur á það. Farið var í gönguferðir og teknar myndir af nemendum fyrir framan húsin þeirra og sett á kortið. Nemendur bjuggu

til húsin sín og límdu við götuna sína. Nemendur unnu svo með hvað fleira væri í þeirra nærumhverfi.

Um haustið var farið í gönguferðir og safnað laufblöðum með haustlitunum og fönðrað úr þeim í leiðinni var þeim kennt að slíta ekki af trjánum heldur eingöngu tína það sem er á jörðinni til að kenna þeim virðingu fyrir náttúrinni.

Kátakot

Á Kátakoti var unnið verkefni um rafmagn og var farið yfir hvernig rafmagnið virkaði í gamla daga og hvað fólk notaði til að halda húsunum heitum, elda matinn og hvað það gerði til að hafa ljós. Rætt var um að ekki voru til sjónvarp, símar, eldavél eða þvottavél á þessum tímum. Einnig var rætt um hvernig vindurinn og vatnið er notað til að framleiða rafmagn. Notaðar voru myndir til að sýna krökkunum en þær voru plastadar og hafa verið nýtar í 2 ár röð og geta verið notaðar aftur.

Unnið var verkefni um fuglana og var farið yfir helstu fuglana sem eru hérna í Dalvíkurbyggð og farið upp í fjall til að athuga hvort hægt væri að sjá þá og hlustað eftir hjóðum í þeim. Einnig var farið yfir hvað þeir borða. Búin var til „bók“ með helstu fuglunum sem hægt verður að nota aftur og aftur þegar farið verður í þema um fugla.

Einn kennari á deildinni græjaði

útungunarávél og leyfði krökkunum að setja egg til útungunar og að fylgjast með þróunina á þeim og komu 55 ungar út.



Hólakot

Hólakot, sem er elsta deildin, vann að hausti 2021 í samstarfi við 1. bekk í Dalvíkurskóla verkefni tengt heimabyggðin okkar. Unnu svo haustið 2022 verkefni um báta, skútur og togara í heimabyggð. Afrakstur þessa verkefna var til sýnis í Kjörbúðinni.



Á hverju vori setur Kátakots nemendur niður kartöflur með heimilisfólkinu á dvalarheimilinu á Dalbæ og taka þær svo upp um haustið þegar þau eru komin á Hólakot.



Farið var markvisst í útikennslu til að læra um heiti ýmissa báta t.d. skútur, togarar og fleira. Einnig lærðu þau um götuheitin og hvar nemendur búa í bænum og sveitinni. Lubbavinna: Tókum fyrir eitt líffæri/líkamshluta við yfirferð hvers máhljóðs (eitt máhljóð á viku). Þegar nýtt máhljóð er tekið fyrir þá fræðumst við um nýjan líkamshluta (sem hefst á máhljóðinu) og bætum honum svo í raunstærð á líkama, framhlið og bakhlið sem hangir upp á vegg inni á deild okkar.

Einnig unnu nemendur á Hólakoti verkefni um himingeiminn og útbjuggu þau plánetur og sólkerfið. Notaðar voru frauðkúlur sem málaðar voru og hengdar inn í pappakassa. Nemendur skreyttu kassann og festu pláneturnar inn í þeirri röð sem viðkomandi plánetur eru í úti í geimnum. Einnig teiknuðu þau myndir þar sem þau túlkuðu himingeimin á sinn hátt.

6. Kynning á stefnunni

Allir grunn,- og leikskólar í Dalvíkurbyggð flöguðu Grænfánanum í fyrsta skiptið í maí 2012 og hefur umræðan um þessi málefni verið sýnileg í samfélaginu. Foreldrar hafa

einnig verið upplýstir um stöðu mála, bæði með fréttabréfum og með tölvupósti og einnig á haustfundum hefur foreldrum verið sagt í stuttu máli frá áherslum skólans í umhverfismálum. Verk nemenda eru sýnileg á veggjum leikskólans og einnig eru þau hengd upp á vegg í Kjörbúðinni á Dalvík, Menningarhúsinu Bergi eða í ráðhúsinu. Þannig vonumst við til að vekja almenning til umhugsunar um hvað umhverfismál og lýðheilsa er mikilvæg fyrir alla og að þeir sem eldri eru séu góðar fyrirmyndir fyrir þau yngri. Í þessu tilfalli eru það þó nemendur sem eru að sýna hvað þau eru komin langt í umhverfismálum.

7. Umhverfissáttmálinn

Unnið var að gerð nýs umhverfissáttmála haustið 2021, ákveðið var að vinna út frá árstíðunum. Sólkot og Skýjaborg var með vetur, Mánakot með haust, Kátakot með vor og Hólakot með sumar. Nemendur máluðu á blindamma. Fundað var með Grænfánanefnd nemenda og þau komust að niðurstöðu með fimm atriði sem kosið var um á elstu tveimur deildunum.

1. Við eigum að flokka ruslið og það er bannað að henda því á jörðina
2. Muna að slökkva ljósin og skrúfa fyrir vatnið
3. Hjóla eða ganga í leikskólann
4. Vera góð við trén, blóminn og jörðina
5. Fara með föt sem við erum hætt að nota í Rauða krossinn.

Þær setningar sem munu standa fyrir grænfánasáttmálann og varð niðurstaða kosningar eftirfarandi:

1. Við eigum að flokka ruslið og það er bannað að henda því á jörðina
2. Muna að slökkva ljósin og skrúfa fyrir vatnið
3. Hjóla eða ganga í leikskólann



8. Framtíðarsýn

Næstu skólaárin tvö 2023 -2025 ákvað Grænfánanefndin að allir myndu vinna með Lýðheilsu yfir skólaárið og náttúruvernd yfir sumarið. Einnig myndi hver og ein deild vinna með verkefni sem hæfir aldri barnanna.

- Hólakot vinni með Hnattrænt jafnrétti og átthaga
- Kátakot vinni með orku og vatn
- Mánakot vinna með neyslu og úrgang
- Sólkot vinni með átthaga
- Skýjaborg vinni með átthaga

9. Lokaorð

Við erum mjög stolt af þeirri vinnu sem fer fram hér í Krílakoti og bíðum spennt eftir að skólinn okkar verði tekinn út í sjötta sinn. Síðustu ár hefur umhverfisvitund okkar aukist og höfum við gert umhverfismál að okkar lífsstíl hér í Krílakoti en kjósum að líta ekki á þau sem vinnu eða verkefni. Að spara pappír, rafmagn og vatn og að flokka sorp er orðið hluti af okkar daglegu venjum .

Við erum alltaf að læra, alltaf að finna eitthvað sem betur má fara. Við útskrifumst aldrei úr grænfánaskóla lífsins. Sjálfbærni er orðin einn af grunnþáttum menntunar samkvæmt aðalnámskrá fyrir leik,- grunn,- og framhaldsskóla og viljum við trúna því að með tímanum verði öll heimili og stofnanir umhverfisvæn.

Nemendur á leikskólaaldri eru móttækileg og því er best að byrja á þeim. Með góðri umhverfisfræðslu færa nemendur það heim sem þau læra í leikskólanum og meðvitund foreldra eykst þá um leið.

Við sækjum því hér með um að fá að flagga grænfánanum í sjötta sinn og ef ósk okkar verður að veruleika væri gaman að það færi fram föstudaginn 2. júní 2023.

Bestu kveðjur

Nemendur og starfsfólk í Krílakoti á Dalvík



Fylgiskjal 1

Fundagerðir með starfsfólki, foreldrum og nemendum

Fundur með foreldraráði þar sem kynnt var hvað við erum að vinna að.

Grænfáni

Hugmyndir af verkefnum í grænfána

Erum að taka fyrir Grænfánann og lagfæra ýmsa þætti sem okkur var bent á eftir síðustu yfirferð.

- Gera nýjan umhverfissáttmála. Erum að funda með nemendum núna á haustönn og fá frá þeim hvað Grænfáni er og hvernig sáttmála við viljum hafa hjá okkur
- Unnin eru svo verkefni tengd grænfána á hverri deild, deildarnar eru með sitt þema: Hólakot vinnur með lýðheilsu, Kátakot með rafmagn, vatn og orku, Mánakot, Sólkot og Skýjaborg vinna með átthaga. Fengum ábendingu að við þurfum að velja okkur fleiri þætti til að vinna með og er það í skoðun
- Okkur var bent á nýtt matsblað sem við erum að kynna okkur og munum notast við núna í vor til að meta fyrra árið.
- Einnig hvaða markmið nemendur og kennarar vilja sjá og séu raunhæf og tímasett
- Fengum hrós fyrir að við væru dugleg að endurvinna og endurnýta á ýmsan hátt. Útkennslan flott hjá okkur. Ánægð með þau verkefni sem við höfum unnið hér í Krílakoti
- Gefa sprota í útskriftagjöf

Heilsueflandi leikskóli

Erum að vinna að gátlistum sem fylla þarf út áður en við verðum heilsueflandi leikskóli og er markmiðið að klára það fyrir næsta vor.

Heilsueflandi leikskóli leggur sérstaka áherslu á að vinna með átta lykilþætti sem tengjast skólastarfinu. Þeir eru: **hreyfing, mataræði, geðrækt, öryggi, tannheilsa, fjölskylda, nærsamfélag og starfsfólk.**

Gert er ráð fyrir að Heilsueflandi leikskólar setji sér heilðræna stefnu um heilsueflandi skólastarf, ásamt tímasettri aðgerðaáætlun, og að í skólanámskrá sé tekið mið af stefnunni.

Stefnan þarf að vera unnin í góðu samstarfi skólastjórnenda, kennara, annars starfsfólks, foreldra, barna og nærsamfélagsins en þannig næst bestur stuðningur við málefnið og sameiginlegur skilningur.

Reglulega þarf síðan að meta árangur stefnunnar og endurskoða í samráði við fulltrúa allra þeirra sem áttu þátt í gerð hennar.

Fundargerðir kennara

15. 09. 2021

Mætt voru: Inga Líf, Dagný, Halldóra, Kristín, Gerða Maja, Ágústa, Lilja og Emmi

- Breyta þarf umhverfissáttmálanum og hafa hann sýnilegan
- Halda fleiri grænfánafundi með nemendum t.d. í hópastarfi
- Búið að gera starfsmannamerkingar endurnýtanlegar
- Skoða það að bæta við fleiru til að gróðursetja
- Búa til fjölnotapoka úr gamla grænfánanum
- Farið yfir umhverfisgátlistann frá síðustu skýrslu
- Setja markmið verkefna fyrir skólaárið og setja inn í markmiðasetningarformið frá Landvernd

13. 10. 2021

Mætt voru: Ágústa, Gerða Maja, Emmi, Dagný, Halldóra, Kristín, Inga Líf og Lilja

- Gefa sprota í stað rósa í útskriftargjöf
- Þarf að tala við ræstingu vegna örtrefjaklúta og efna
- Athuga með ílát fyrir undirbúningsherbergi og skoða merkingar
- Skoða markmið deilda í námskrá
- Setja taupoka í forstofuna til að taka með í göngutúra til að tína rusl

22.03.2022

Mætt voru: Ágústa, Gerða Maja, Emmi, Dagný, Halldóra, Kristín og Una

- Finna nýtt Grænfánaverkefni fyrir Sólkot og Mánakot
- Ágústa ætlar að búa til padlet vegg með upplýsingum fyrir starfsfólk um Heilsueflandi leikskóla og Grænfánaverkefnið.
- Ræddum um nýjan sáttmála. Ætlum að búa til myndir og nota árstíðarnar og setja sáttmálann ofan á það. Skýja og sól - Vetur, Mána - Haust, Káta - Vor, Hóla - Sumar
- Heyra í Helgu Írisi með svæði fyrir gróðursetningu á sprotunum.

18.05.2022

Mætt voru: Halldóra, Ágústa, Dagný, Emmi, Kristín, Gerða Maja og Una

- Fórum í 3 hópa og fylltum út gátlistana fyrir heilsueflandi leikskóla

- Búið að græja sprota og svæði fyrir gróðursetngu fyrir útskirftarnema
- Mánakot verður með flokkun sem grænfánaverkefni

23.9.2022

Mætt voru: Eydís, Ágústa og Hrefna

- Tannheilsa rædd
 - o Ágústa athugar með hjúkku fyrir fræðslu
 - o Eydís leitar af verkefnum fyrir krakkana
 - o Tannverndarvika 30. jan
- Hreyfing
 - o Umferðareglur - fræðsla fyrir krakkana
 - o Mánaðalegar göngur fyrir starfsfólk
- Athuga með fjölnota kúkapoka
- Minna á fjölnotapoka fyrir blaut föt

28.11.2022

Mætt voru: Dagný, Hekla, Soffía, Ágústa og Hrefna

- Búa til punkta fyrir starfsfólk og minna á
 - o Hreyfingu
 - o Göngutúra
 - o Andabrauð í eldhúsi
 - o Salurinn
- Fá börnin til að fara með starfsfólki út með ruslið og ræða um flokkun á meðan
- Breyta lit á miðum á flokkunartunnum, dallar of líkir og fólk að ruglast
- Prenta út grænfána og hengja upp á vegg á deildum
- Tala við Dalvíkurskóla og vera með á rusladeginum þeirra
- Setja klúta á starfsmannaklósett í forstofa

Fundargerðir nemenda

Fundur með umhverfisnefnd nemenda 13. september 2022

Mættir voru Atli, Arney, Edda Sóley, Kristrún, Hafþór og Aron Ísak

Kennari: Ágústa Kristín

Hvað er Grænfáni?

- Ekki henda rusli úti heldu í ruslatunnuna,
- Ekki í sjóinn heldur
- Ekki skilja úttundan
- Setja niður grænmeti gulrætur, kartöflur, brokkoli, blómkál

En með vatn og ljósin eða orkuna okkar hvernig getum við passa upp á það?

- Má ekki láta renna vatn
- Ljósín, slökkva þegar enginn er á baðherberginu og ef enginn heima þá að slökkva og þegar leikskólinn lokar.

Hvernig getum við passað að við séum ekki að sóa mat?

- Allur afgangur fer í hænudallinn.
- Passa að skammta ekki of mikið á diskinn

Ákváðum í sameiningu að þau ætla að vera grænfánaspæjarar og hjálpa þeim sem kunna ekki að flokka. Passa að slökkva ljósín þegar farið er úr t.d. klósettinu eða rými sem enginn er í.

Fundur með umhverfisnefnd nemenda 8. nóvember 2022

Mættir voru: Krístrún Anna, Edda Sóley, Hafþór Orri, Aron Ísak, Arney Emma og David

Kennarar: Ágústa og Dagný

Rætt var um umhverfissáttmálann okkar og þau fengu að sjá lokaútkomuna á honum. Þar höfðu allar deildar málað á einn striga árstíð. Fyrir ofan þá kemur svo sáttmálinn, krakkarnir komu með hugmyndir um hvað þeim langaði að stæði á honum. Þetta eru hugmyndirnar sem komu.

- Við eigum að flokka ruslið og það er bannað að henda því á jörðina
- Muna að slökkva ljósín
- Muna að skrífa fyrir vatnið
- Hjóla eða ganga í leikskólann
- Vera góð við tréin, blómin og jörðina
- Fara með föt sem við erum hætt að nota í rauða krossinn

Síðan verður farið inn á deildar og kosið um þrjár setningar sem munu standa fyrir ofan sáttmálanum.

Fundur með umhverfisnefnd nemenda 10. janúar 2023

Mættir voru: Krístrún Anna, Edda Sóley, Hafþór Orri, Aron Ísak, Arney Emma og Atli

Kennari: Ágústa

Farið var með hópinn á fund inn á tvær elstu deildarnar með rusl sem tínt hafði verið í útikennslu. Umræða var um rusl og hvar það ætti að vera.

Hópurinn í heildsinni ákvað að vera duglegri að slökkva ljós þegar farið er úr herbergjum, skrúfa fyrir vatnið og tína upp rusl þegar farið er í gönguferðir.

Umhverfishópurinn fór yfir með hinum nemendunum að við værum að útbúa nýjan umhverfissáttmála og deildarnar voru búnar að mála á striga árstíðarnar. Kosning fer svo fram á næstu dögum um hvaða þrjár setningar munu standa fyrir ofan sáttmálann. Síðan verður farið inn á deildar á næstu dögum og kosið um þrjár setningar sem munu standa fyrir ofan sáttmálanum.

Fundur með umhverfisnefnd nemenda 18. apríl 2023

Mættir voru: Hafþór Orri, Edda Sóley, Krístrún Anna, Aron Ísak, Arney Emma og Atli Freyr

Kennarar: Ágústa Kristín og Dagný Björk

Matslistar frá Landvernd voru kynntir fyrir börnunum og farið var yfir þá.

Þau merktu í broskalla eða fílukalla eftir því sem átti við hverju sinni. Við tókum fyrir fjóra matslista og verður gerð áætlun um úrbætur á því sem ekki kom nógu vel út fyrir næstu tvö skólaár.

Listarnir sem teknir voru fyrir voru:

- Lýðheilsa
- Landslag og átthagar
- Orka og vatn
- Neysla og úrgangur



Umhverfisgátlisti fyrir skóla á grænni grein

Skóli:

Leikskólinn Krílakot

Skólaárið:

2021-2023



Umhverfismat

Gátlisti fyrir leikskóla og yngsta stig grunnskóla

Listinn er hugsaður til að auðvelda nemendum að framkvæma umhverfismat fyrir landslag og áttuga í upphafi nýs Grænfánatímabils.

Miðað er við að krakkar á aldrinum 4-9 ára framkvæmi matið með aðstoð kennara, sem les fyrir þá spurninguna og leiðbeinir þeim í gegnum matið. Við hverja spurningu merkja börn við bros- eða fýlukall eftir því sem við á.

Listinn er ekki tæmandi og mega skólar að sjálfsögðu koma með aðrar hugmyndir en stendur á listanum.

Þegar búið er að fara yfir listann ætti skólinn að sjá betur hvar hann stendur innan hvers þema. Það ætti að auðvelda honum að ákveða innan hvaða þema hann vill taka sig á og setja sér markmið.

ATH! Ekki er nauðsynlegt að prenta allan listann út. Hægt er að fylla út í hann í tölvum, spjaldtölvum og jafnvel sínum. Ef skólar vilja prenta listann út er mælt til þess að prentað sé báðumegin og í stærð A5.

Merkingar:



Nemendur geta fundið svarið sjálfir án mikillar aðstoðar



Nemendur gætu þurft að leita sér aðstoðar frá kennurum til að svara spurningunni



Nemendur þurfa að mæla eða rannsaka hlutinn til að svara spurningunni

Dagsetning: 18. apríl 2023

Hverjir gerðu rannsóknina: Hafþór Orri, Edda Sóley og Krístrún Anna

ÁTTHAGAR OG LANDSLAG

Skólalóðin

Hvað af eftirtöldu er á skólalóðinni?






Eitthvað annað? Getið þið teiknað mynd af því? (T.d. Hraun, mosi, lyng, illgresi, sandur, klettur, steinar)

Nemendur fundu allt sem er á myndunum

 Farið þið út að leika einu sinni á dag eða oftar?	 x		Oftast tvisvar
 Á skólinn útikennslusvæði eða grenndarsvæði?	 x		Skógarreiturinn Böggur
 Eruð þið að rækta grænmeti á skólalóðinni?	 x		Í samstarfi við dvalarheimilið Dalbæ
 Gefið þið fuglunum á skólalóðinni á veturna?		 x	

Nærsamfélag

Hvað af eftirtöldu er í kringum skólann?



Berg (menningarhúsið), dvalarheimilið Dalbær, Dalvíkurkirkja
Eitthvað annað? Hvað? Getið þið teiknað mynd af því? (T.d. Bókasafn,
kirkja, bensínstöð, leikvöllur, fótboltavöllur, íþróttahús, hjúkrunarheimili)

	Vitið þið hvað er í húsunum í kringum skólann?	x		
	Hafið þið farið í heimsóknir í húsin í kringum skólann?	x		
	Ef já, hafið þið gert eitthvað skemmtilegt með fólkinu sem vinnur þar eða býr þar?	x		Fara og syngja á Dalbæ fyrir gamla fólkið
	Hafið þið tekið eftir einhverju sem þið viljið breyta í kringum skólann?	x		Skólalóðinni (breytingar eru í vinnslu)
	Ef já, hverju viljið þið breyta?	x		Trampólín Hoppukastali Lokaða rennibraut
	Hafið þið búið til kort af nærsamfélaginu ykkar og merkt inná það húsin ykkar o.fl.	x		

Nærumhverfi


Hvað af eftirtöldu er í nærumhverfinu?



Tré/skóa



Fjall



Stöðuvatn



Fjara

Þetta er allt í okkar nærumhverfi

Eitthvað annað? Hvað? Getið þið teiknað mynd af því? (T.d. Hraun, tún, dalur, fjörður)

	Eruð þið dugleg að fara í ferðir út fyrir skólalóðina?			
	Hafið þið farið í fjallgöngu, fjöruferð, berjamó eða annað?			
	Þekkið þið örnefni í umhverfinu í kringum ykkur?			Þekktu einhver en mismikið
	Þekkið þið orð sem lýsa landslagi t.d. hæðir, hólur, dalir o.fl.?			Þekktu einhver orðin ekki alveg öll

Hvað getur skólinn gert til að kynnst betur áttögum og landslagi?

Labba meira upp í fjall

Taka mynd og skrifa nöfnin inn á.

Neysla og úrgangur

Gátlisti fyrir leikskóla

Gátlistanum er ætlað að auðvelda nemendum að framkvæma mat á stöðu umhverfismála í leikskólanum sínum.

Umhverfismatið má nota áður en markmið eru sett fyrir nýtt Grænfánatímabil. Einnig má nota það til að fylgjast með stöðu mála á tímabilinu.

Þessi gátlisti er ætlaður 4-6 ára börnum. Nemendur framkvæma matið með aðstoð kennara, sem les spurningar og leiðbeinir þeim. Við hverja spurningu eru broskallar sem nemendur merkja við. Listinn er ekki

tæmandi og er það í sjálfsvald sett hvort að listinn sé notaður í heild sinni, að hluta eða að notaðar séu aðrar spurningar/-mælingar en koma fyrir á gátslitanum.

Þegar búið er að fara yfir listann ættu nemendur og starfsfólk að sjá betur hvernig staðið er að málunum innan skólans í þemanu. Sú þekking ætti að ætti að auðvelda nemendum og starfsfólki að ákveða hvaða þema skuli taka fyrir og hvaða markmið séu brýnust.

Leikskóli: Krílakot

Hverjir tóku þátt í rannsókninni: Aron Ísak, Arney Emma og Atli Freyr

Dagsetning: 18. apríl 2023

Merkingar



Nemendur geta fundið svarið sjálfir án mikillar aðstoðar







































Nemendur gætu þurft að leita sér aðstoðar frá kennurum til að svara spurningunni




Nemendur þurfa að mæla eða rannsaka hlutinn til að svara spurningunni

Minnkun neyslu og úrgangs og endurnýting	Já	Nei	Athugasemd
 Notið þið pappír sem á að henda í sköpun?			
 Notið þið tómar umbúðir í sköpun eða leik?			
 Ljósrita og prenta kennarar eins lítið og hægt er?			
 Ef þeir ljósrita og prenta, nota þeir þá báðar hliðar á blöðunum?			
 Er skiptimarkaður í leikskólanum fyrir notuð föt eða eitthvað annað?			
 Passið þið að henda aldrei mat?			
 Notið þið handklæði eða litla klúta til að þurrka ykkur um munn og hendur?			
 Farið þið heim með blaut föt í taupokum og listaverk í pappírsmöppum en ekki plastpokum?			
 Er einhver með taubleyjur í leikskólanum?			
 Fer sandur sem er sópaður upp aftur í sandkassann en ekki í ruslið?			
 Farið þið vel með dótið í skólanum svo það skemmist ekki?			

	Nota allir í skólanum (starfsmenn og nemendur) endurvinnslutunnurnar?			
	Farið þið sjálf með úrganginn í endurvinnslutunnurnar?			
	Fer afgangsmatur í moltugerð eða gefið þið dýrum hann, t.d. grísum eða hænum?			
	Ef hann fer í moltugerð, gerið þið moltu í skólanum?			
	Ef já, takið þið krakkar þátt í moltugerðinni?			Á ekki við
	Ef já, er moltan sett á beðin á skólalóðinni?			Á ekki við
	Vitið þið hvernig á að flokka ruslið í leikskólanum?			
	Skoðið flokkunartunnurnar, er eitthvað þeim sem ekki á heima þar?			
	Ef já, finnið út hvað það er og hvar það á að vera			
	Vitið þið hvað verður um það sem er flokkað?			
	Vitið þið hvað verður um það sem er EKKI er flokkað?			
	Farið þið stundum með ruslapoka í gönguferðir og tínið upp rusl?			

Hvað er flokkað í skólanum? Allt hér fyrir neðan



Panní



Plast



Lífrænt



Bvliubap



Rafhlöður



Málmur



Gler

Flokkið þið eitthvað fleira?

Við flokkum allt á þessum myndum ef það fellur til

*Ef ekki eru notaðar fjölnota

Hvað getur skólinn gert til að minnka úrgang og endurnýta og endurvinna meira?

Hvað dettur ykkur í hug?

Umhverfismat

Gátlisti fyrir leikskóla og yngsta stig grunnskóla

Listinn er til að auðvelda skólum að framkvæma umhverfismat fyrir
lýðheilsu í upphafi nýs Grænfánatímabils.

Miðað er við að krakkar á aldrinum 4-9 ára framkvæmi matið með aðstoð kennara, sem les fyrir þá spurninguna og leiðbeinir þeim í gegnum matið. Við hverja spurningu merkja börn við bros- eða fýlukall eftir því sem við á.

Listinn er ekki tæmandi og mega skólar að sjálfsögðu koma með aðrar hugmyndir en stendur á listanum.

Þegar búið er að fara yfir listann ætti skólinn að sjá betur hvar hann stendur innan hvers þema. Það ætti að auðvelda honum að ákveða innan hvaða þema hann vill taka sig á og setja sér markmið.

ATH! Ekki er nauðsynlegt að prenta allan listann út. Hægt er að fylla út í hann í tölvum, spjaldtölvum og jafnvel sínum. Ef skólar vilja prenta listann út er mælt til þess að prentað sé báðu megin og í stærð A5.

Einnig má plasta listann og nota aftur og aftur.

Merkingar:



Nemendur geta fundið svarið sjálfir



Nemendur gætu þurft að leita sér aðstoðar frá kennurum til að svara spurningunni



Nemendur þurfa að mæla eða rannsaka hlutinn til að svara spurningunni

	Er boðið upp á hollan mat í leikskólanum?	 x		
	Hversu oft í viku er boðið upp á grænmeti eða ávexti í leikskólanum?	Alltaf	(þrisvar sinnum á dag)	
	Eru hreyfistundir í leikskólanum?	 x		
	Farið þið í hreyfistundir út fyrir leikskólalóðina?	 x		Fara í íþróttir og sund - göngutúr
	Eruð þið örugg þegar þið hreyfið ykkur nálægt leikskólanum? (skólalóð, ferðalag í og úr skóla)	 x		
	Er útivera á hverjum degi, sama hvernig veðrið er?	 x		
	Átt þú vin á leikskólanum?	 x		
	Getið þið sagt einhverjum fullorðnum frá því ef ykkur líður illa í leikskólanum?	 x		
	Þvo sér allir um hendurnar eftir klósettferðir og fyrir og eftir máltíðir?	 x		
	Fáið þið næga hvíld á leikskólanum?	 x		
	Er ykkur kennt hvernig við eigum að beita líkamanum rétt?		 x	Stundum

	Berð þú virðingu fyrir líkamanum þínum og hugsa vel um hann?			
	Lærið þið slökun eða jóga í leikskólanum?			
	Er ykkur kennt sjálfstæði og fáíð þið að vera þið sjálf?			
	Vitið þið í hvaða símanúmer á að hringja ef það verður slys?			Hvert er númerið? 112
	Lærið þið að hugsa vel um tennurnar ykkar?			
	Er mikilvægt að allir séu vinir og að ekki sé skilið útundan?			
	Passið þið upp á að leika saman og vera vinir?			

Dagsetning: 18. apríl 2023

Hverjir gerðu rannsóknina? Hafþór Orri, Edda Sóley, Krístrún Anna

Lýðheilsa

Hvernig líður þér núna?

Ekki náðist að hafa myndirnar á sínum stað
Nemendur svöruðu: Ég er syfjuð, ég er spennt, ég er rólegur.

Hvað getur leikskólinn gert í lýðheilsu? Hvað dettur ykkur í hug?

Við vitum ekki



Umhverfismat

Gátlisti fyrir leikskóla og yngsta stig grunnskóla

Listinn er til að auðvelda skólum að framkvæma umhverfismat fyrir **orku og vatn** í upphafi nýs Grænfánatímabils.

Miðað er við að krakkar á aldrinum 4-9 ára framkvæmi matið með aðstoð kennara, sem les fyrir þá spurninguna og leiðbeinir þeim í gegnum matið. Við hverja spurningu merkja börn við bros- eða fýlukall eftir því sem við á.

Listinn er ekki tæmandi og mega skólar að sjálfsögðu koma með aðrar hugmyndir en stendur á listanum.

Þegar búið er að fara yfir listann ætti skólinn að sjá betur hvar hann stendur innan hvers þema. Það ætti að auðvelda honum að ákveða innan hvaða þema hann vill taka sig á og setja sér markmið.

ATH! Ekki er nauðsynlegt að prenta allan listann út. Hægt er að fylla út í hann í tölvum, spjaldtölvum og jafnvel sínum. Ef skólar vilja prenta listann út er mælt til þess að prentað sé báðu megin og í stærð A5.

Einnig má plasta listann og nota aftur og aftur.

Merkingar:



Nemendur geta fundið svarið sjálfir án mikillar aðstoðar



Nemendur gætu þurft að leita sér aðstoðar frá kennurum til að svara spurningunni


































Nemendur þurfa að mæla eða rannsaka hlutinn til að svara spurningunni

Dagsetning: 18. apríl 2023

Hverjir gerðu rannsóknina? Aron Ísak, Arney Emma og Atli Freyr

ORKA
































 Eru ljósin alltaf slökkt þegar enginn er í herbergjum?			
 Eru ljósin slökkt ef það er bjart úti?			
 Er notaðar LED eða orkusparandi ljósaperur á leikskólanum?			Í sumum ljósum, það er verið að vinna í því að skipta
 Sér einhver um að slökkva óþarfa ljós?			
 Er slökkt á tölvum þegar þær eru ekki í notkun?			
 Er slökkt á öllum raftækjum (ekki sett á svefnstillingu) í lok dags? (eða slökkt á rauða rofanum á fjöltenginu?)			
 Skoðið raftækin á leikskólanum, eru þau orkusparandi? (ísskápur, frystikista, tölvur)?			
 Er verið að fylgjast með og skrá hvað leikskólinn notar mikla orku?			
 Vitið þið hvaðan rafmagnið okkar á Íslandi kemur?			
 Er hitastillar á ofnunum á leikskólanum? Er hitastigið á ofnunum lækkað um helgar?			
 Vitið þið að það er hægt að búa til orku sjálfur (t.d. með að núa saman höndum)			

Hvað getur skólinn gert til að minnka orkunotkun? Hvað dettur ykkur í hug?

Slökkva alltaf ljósin og slökkva alltaf á tölvunum



VATN

 Vitið þið hvað vatn er mikilvægt fyrir fólk? En dýr? En gróður?			
 Er vatn stundum látið renna að óþörfu úr krönum?			
 Er regnvatni safnað á skólalóðinni svo þið getið leikið ykkur með það eða vökvað blómin/trén?			
 Hafið þið skoðað hve mikill hluti af jörðinni okkar er vatn? (skoða t.d. hnattlíkan og sjá bláa og hvíta litinn)			
 Þekkið þið muninn á saltvatni (sjó) og ferskvatni?			
 Vitið þið hvaða vatn má drekka og hvað ekki? (t.d. vatn úr pollum með olíubrák, krana, rigningarvatn í hreinu íláti)?			
 Notið þið mikið vatn á hverjum degi? (salerni, hreinlæti, drykkjarvatn, matargerð)?			
 Hvar getum við fundið vatn á jörðinni okkar? (sjór, ár, vötn, jöklar, jarðvegur, gufa)			Nefndu nokkur atriði sem eru í dæmunum
 Getið þið valið um lítinn takka eða stóran takka þegar þið sturtið úr klósettinu?			
 Haldið þið að allir á jörðinni geti fengið sér vatn að drekka eins auðveldlega og við getum á Íslandi?			Þau voru með á hreinu að ekki allir eigi vatn
Hafið þið gert tilraunir með vatn, t.d. skoðað ólík form s.s. bræða snjó, klaka, frysta vatn, sjóða vatn o.fl.			

Hvað getur skólinn gert til að minnka vatnsnotkun? Hvað dettur ykkur í hug?

Skrúfa fyrir kranann,

Æfa okkur í að sturta meira niður með litla takkanum



Fylgiskjal 3



Markmiðssetning

Skóli:

Leikskólinn Krílakot

Skólaárið: *2021-2023*



LANDVERND

Markmiðssetning

Dagsetning: 15. September 2021
Þema/þemu: Landslag og áttugar

Markmið	Aðgerðir	Ábyrgir	Efni/áhöld	Tímarammi	Mat
1. Rækta matjurtir sem við síðan borðum	a. Gróðursetja í kerjum hjá dvalarheimilinu Dalbæ	Deildarstjóri á deildinni Kátakoti og starfsmaður Dalbæjar	Ker Útsæði fyrir kartöflur Fræ fyrir gulrætur	Vor til hausts bæði skólaárin 2021-2022 og 2022 - 2023	Nota umhverfisgátlista um landslag og áttuga
2. Að þekkja okkar nánasta umhverfi og bera virðingu fyrir því	a. Nota útikennslu einu sinni í viku b. Vera í samstarfi við stofnanir í okkar nærumhverfi. T.d. bókasafn, byggðasafn og fleira	Deildarstjórar eru ábyrgir fyrir því að allir fari í útikennslu einu sinni í viku. Deildarstjórar á elstu tveimur deildunum sjá svo um samstarf við nærliggjandi stofnanir		Næstu 2 ár (þar til næstu skýrslu er skilað)	Kennarar og börn á deildinni.
3. Verkefni okkar séu sýnileg	a. Hengja upp verkefni á veggjum skólans og í okkar nærumhverfi	-Kennarar á deildum eru ábyrgir fyrir því að verkin séu sýnileg.	Fjórir strigar til að gera sáttmálann	Alltaf að hengja upp verkefni og hafa sýnileg.	Kennarar og stjórnendur

	<p>b. Setja inn upplýsingar á heimasíðu okkar</p> <p>c. Grænfánasáttmálinn er sýnilegur</p>	<p>- Aðstoðaleikskólastjóri sér um heimasíðuna</p> <p>-Grænfánanefndin sér um að hafa sáttmálann sýnilegan</p>		<p>Sáttmálinn verði tilbúinn fyrir haust 2022</p>	
--	---	--	--	---	--



LANDVERND

Markmiðssetning

Dagsetning: 15. September 2021
Pema/Þemu: Neysla og úrgangur

Markmið	Aðgerðir	Ábyrgir	Efni/áhöld	Tímarammi	Mat
1. Mikilvægi þess að flokka sorp	a. Flokka allt rusl sem fellur til b. Lífrænn úrgangur fer til hænsna	Allir sem koma að starfsemi leikskólans <ul style="list-style-type: none">- Starfsfólk- Börn- Foreldrar	Dallar til að flokka rusl inni á deildum og á öðrum stöðum í húsinu	Næstu 2 ár (þar til næstu skýrslu er skilað)	Nota umhverfisgátlista um neyslu og úrgang
2. Endurnýta hluti eins mikið og hægt er	a. Nota allt til fallandi í listasmíðju b. Nota gömul handklæði sem þvottastykki c. Hafa skiptifatamarkað	Allir kennarar eru ábyrgir að nýta allan efnivið í sköpun og ekki henda neinum óþarfa -2 kennarar eru ábyrgir fyrir þvottastykkjunum -Ein úr grænfánanefndinni sér um að halda skiptimarkaðnum fínum	Skipulögð og aðgengileg listasmíðja, allir passa að ganga frá á sína staði -Fá handklæði úr óskilamunum frá ípróttamiðstöðinni -Skiptimarkaðurinn er til með viðeigandi kössum	Næstu 2 ár (þar til næstu skýrslu er skilað)	Nota umhverfisgátlista um neyslu og úrgang

<p>3. Að fara sparlega með pappír, vatn og rafmagn</p>	<p>a. Teikna báðum megin á blöðin</p> <p>b. Skrúfa fyrir krana eftir notkun</p> <p>c. Muna að slökkva ljósin í mannlausum herbergjum</p>	<p>Kennarar eru ábyrgir og sjá um að börn séu meðvituð líka</p>	<p>Fræðsla um mikilvægi</p>	<p>Næstu 2 ár (þar til næstu skýrslu er skilað)</p>	<p>Nota umhverfisgátlista um neyslu og úrgang. Einnig ætla nemendur úr umhverfisnefndinni að vera grænfána spæjarar og passa að allir fari eftir þessu</p>
--	--	---	-----------------------------	---	--